

Kennsluréttindanám iðnmeistara frá Háskóla Íslands í samstarfi við VMA skólaárið 2019-2020.

Ákveðið hefur verið að bjóða upp á fjarnám í kennslufræði fyrir iðnmeistara veturinn 2019–2020 í tilraunaskyni í samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri (VMA). Hugmyndin er að iðnmeistarar á Akureyri og nærsamfélagi geti lokið námi án þess að þurfa að mæta suður til Reykjavíkur í staðlotur en taka í staðinn þátt í staðlotum í VMA á rauntíma yfir netið. Þannig verður skilyrðið um skyldumætingu í staðlotur uppfyllt.

Einnig verður gert ráð fyrir að þessir nemendur geti tekið þátt í öðrum tímum námskeiða (utan staðlota) yfir netið í rauntíma eða með öðrum hætti. Mikilvægt er að þessir nemendur geti myndað sitt námsfélag fyrir norðan og því skiptir sköpum að VMA bjóði þeim aðstöðu til að hittast og taka þátt í náminu yfir netið. Það er einnig mikilvægt að kennarar í kennslufræði fyrir iðnmeistara hafi tækifæri til að hitta þessa nemendur og eins sinna kennslu sem ekki verður auðveldlega sinnt yfir netið.

Þetta fyrirkomulag er aðeins í boði næsta skólaár, veturinn 2019–2020 sem tilraunaverkefni í sérstöku samstarfi við VMA, en skoða má í framhaldi hvort forsendur séu til að endurtaka leikinn.

Skipulag námsins *Kennslufræði fyrir iðnmeistara* er 60 eininga (ECTS) diplómunám og skiptist kjarnanámskeið (50 einingar og valnámskeið (10 einingar). Fyrirkomulag námskeiða getur verið ólíkt en almenna reglan á Menntavísindasviði er sú að á hverri önn eru tvær staðlotur, ein í upphafi annar og önnur við miðbik annar. Hver staðlota er vika – og eru tímum í námskeiðum námsleiðarinnar raðað innan vikunnar frá mánudegi til föstudags og standa yfir að jafnaði frá kl. 8 til 16. **Nemendur í fullu námi þurfa að gera ráð fyrir að taka þátt alla vikuna.**

Staðlotur í grunnnámi við Menntavísindasvið skólaárið 2019–20202

Á haustönn 2019:

Staðlota 1 – 26. til 30. ágúst

Staðlota 2 – 14. til 18. október

Á vorönn 2020:

Staðlota 1 – 13. til 17. janúar

Staðlota 2 – 23. til 27. Mars

Fyrir utan staðlotur eru oftast einnig reglulega kennslustundir á eftirmiðdögum. Æskilegt er að nemendur geti tekið þátt í þeim, en í þær er ekki skyldumæting. Yfirleitt bjóða kennarar upp á leiðir fyrir nemendur til að taka þátt yfir netið á rauntíma eða að vinna þá vinnu á annan hátt.

Námstillhögun Hægt er að ljúka náminu á einu ári í fullu námi (30 einingar á önn). Það er þó mikilvægt að hafa í huga fyrir nemendur að hver eining stendur að jafnaði fyrir 25–30

vinnustundir, sem þýðir að fullt nám samsvarar 750–900 vinnustundum á önn eða rúmum 50 tímum á viku ef önnin er 14 vikur. Þannig verða nemendur að skoða vandlega sitt vinnuálag í heild þegar þeir ákveða hvað þeir ætla sér að taka margar einingar á önn. Nemendum stendur því til boða að taka námið annars vegar sem fullt nám á einum vetri (leið A) eða hins vegar sem hlutanám yfir lengri tíma (leið B).

Nánar um námið - Kjarnanámskeið

Meirihluti námsins, eða 50 einingar, eru kjarnanámskeið (skyldunámskeið). Nemendur verða að taka öll kjarnanámskeið á námsleiðinni, en þau eru eftirfarandi:

- Kennslufræði starfsgreina (LVG101G) – haustönn, 10 einingar
- Talað mál og ritað (ÍET101G) – haustönn, 10 einingar
- Námskrár starfsgreina, námsefnisgerð og námsmat (LVG202G) – vorönn, 10 einingar
- Kennsla starfsgreina og vettvangsnám (LVG201G) – vorönn, 10 einingar
- Kennsla og margbreytilegir nemendahópar (LVG102G) – haustönn, 5 einingar (þetta námskeið er aðeins kennt annað hvert ár en verður kennt haustið 2019)

Bundið val: Nemendur þurfa að taka annað hvort námskeiðið *Tengsl skóla og atvinnulífs* (LVG003G) eða námskeiðið *Fullorðnir námsmenn, foreldrasamstarf, fræðsla samstarfsfólks og símenntun* (LVG103G) – haustönn, 5 einingar. Þessi námskeið eru kennt annað hvert ár á víxl og haustið 2019 verður námskeiðið *Fullorðnir námsmenn* í boði.

Valnámskeið

Að auki eru á námsleiðinni 10 einingar í vali fyrir nemendur. Mikilvægt er að nemendur velji námskeið sem tengjast væntanlegum starfsvettvangi þeirra og bæta við þekkingu á uppeldis- og menntunarfræðum.

Mikilvægt er að nemendur sem taka þátt í þeirri tilraun sem hér er lýst geri sér grein fyrir að valnámskeið eru mjög ólík innbyrðis og í sumum gætu þeir þurft að koma til Reykjavíkur í staðlotur. Það er á ábyrgð nemenda að kynna sér fyrirkomulag námskeiða og athuga hvort möguleiki er fyrir hendi að vera alfarið í fjarnámi. Nemendur hafa einnig þann möguleika að taka valnámskeið við Háskólann á Akureyri. Í gildi er samstarfssamningur á milli HÍ og HA og nemendur geta skráð sig námskeið í grunnnámi HA. Nemendum er bent á að skoða kennsluskrá HA og mælt er með því að nemendur hafi samband við kennara námskeiðsins til að fá upplýsingar um fyrirkomulag og forkröfur. Best er að hafa samband við Sigríði Pétursdóttur deildarstjóra deildar faggreinakennslu hvernig best er að bera sig að við skráningu.

Leið A – Fullt nám og námið tekið á tveimur önnum

Önn 1 – Haustönn 2019

- LVG101G Kennslufræði starfsgreina 10 e
- ÍET101G Talað mál og ritað 10 e
- LVG 102G Kennsla og margbreytilegir nemendahópar 5 e
- LVG 103G Fullorðnir námsmenn, foreldrasamstarf, fræðsla samstarfsfólks og símenntun 5 e

Samtals 30 e

Önn 2 – Vorönn 2020

- LVG201G Kennsla starfsgreina og vettvangsnám 10 e (6 Ve)
- LVG202G Námskrár starfsgreina, námsefnisgerð og námsmat 10 e
- VAL Valnámskeið af lista í kennsluskra ánað hvort við HÍ eða HA 10 e

Samtals 30 e

Athugið: Ef ekki stendur VAL þýðir að námskeiðið er SKYLDA.

Leið B – Hlutanám og námið tekið á fjórum önnum

Ef þessi leið er farin þá taka nemendur þátt í tilraunaverkefninu skólaárið 2019–2020, en skólaárið 2020–2021 verður ekki sérstaklega boðið upp á þessa leið í fjarnámi (námskeiðið Tengsl skóla og atvinnulífs er hér undantekning til að koma á mótis við þennan tiltekna hóp).

Önn 1 – Haustönn 2019

- LVG101G Kennslufræði starfsgreina 10 e
- ÍET101G Talað mál og ritað 10 e

Samtals 20 e

Önn 2 – Vorönn 2020

- LVG202G Námskrár starfsgreina, námsefnisgerð og námsmat 10 e
- LVG201G Kennsla starfsgreina og vettvangsnám 10 e (6 Ve)

Samtals 20 e

Önn 3 – Haustönn 2020

- LVG003G Tengsl skóla og atvinnulífs 5 e
- VAL Valnámskeið af lista í kennsluskra ánað hvort við HÍ eða HA* 5 e

Samtals 10 e

Önn 4 – Vorönn 2021

- ÞNN156160 Þroskakennningar, nemendur og nám. Námskeið tekið við HA og í stað Kennsla og margbreytilegir nemendahópar (LVG102G) 6 e
- VAL Valnámskeið af lista í kennsluskra ánað hvort við HÍ eða HA 5 e

Samtals 11 e

* Nemendur geta ánað hvort tekið tvö 5 eininga valnámskeið eða eitt 10 eininga valnámskeið á annarri hvorri önninni.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu [HÍ](#)

Fyrirspurnum er beint til Sigríðar Pétursdóttur deildarstjóra faggreinakennslu í síma 525 5917, netfangið sigridu@hi.is

Sótt er um á [heimasíðu HÍ](#) - kynnið ykkur vel þau skjöl sem þurfa að fylgja umsókn áður en farið er í umsóknarferlið sjálft.

Námið er skipulagt og á ábyrgð HÍ, allar fyrirspurnir er varða umsóknarferli og skipulag náms verða að fara til HÍ.